



# Flóahreppur

Breyting á Aðalskipulagi Flóahrepps  
2017 – 2029, íbúða- og þjónustusvæði í landi Bitru



## SKIPULAGSLÝSING

Dags. 11. ágúst 2026

## Innihald

|                                         |   |
|-----------------------------------------|---|
| Inngangur .....                         | 3 |
| Breyting á aðalskipulagi .....          | 5 |
| Forsendur og staðhættir .....           | 5 |
| Tengsl við aðrar skipulagsáætlanir..... | 6 |
| Landsskipulagsstefna 2024-2038 .....    | 6 |
| Aðalskipulag .....                      | 6 |
| Vatnaáætlun .....                       | 7 |
| Fornminjar.....                         | 7 |
| Deiliskipulag .....                     | 7 |
| Mat á umhverfisáhrifum .....            | 7 |
| Umhverfismatskýrsla .....               | 7 |
| Efni umhverfismatsskýrslu .....         | 7 |
| Valkostir .....                         | 8 |
| Umhverfispættir og viðmið .....         | 8 |
| Kynning og skipulagsferli.....          | 9 |
| Lýsing.....                             | 9 |
| Umsagnaraðilar .....                    | 9 |
| Skipulagsferli .....                    | 9 |

Forsíðurmynd (mynd 1): Horft yfir land Bitru, skammt frá gatnamótum Suðurlandveggar og Skeiðavegar. (af vefsíðu ja.is)

## Inngangur

Hér er lögð fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsingin er unnin í samræmi við grein 4.2. í

Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, með síðari breytingum en í henni er gerð grein fyrir fyrirhugaðri breytingu og lagðar fram upplýsingar um forsendur, stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Með skipulagslýsingunni er almenningi og hagsmunaaðilum gert kunnugt um fyrirhugað skipulagsferli og þeim gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir er varða komandi skipulagsvinnu.


Skipulagssvæðið er í landi Birtu í Flóahrepp, við gatnamót Suðurlandsvegur og Skeiðavegur.

Þrátt fyrir að það hafi verið stefna sveitarfélagsins að fjölga ekki íbúðasvæðum í sveitarfélaginu, þá verður heldur ekki litið fram hjá þróun búsetu og samfélags í stærra samhengi í tengslum við umbyltingu í atvinnumálum síðustu ára. Eftirspurn í ferðatengdri þjónustu er enn til staðar, ekki síst á suðurlandi þar sem smám saman er að byggjast upp umfangsmikill ferðamannaiðnaður, á svæði sem afmarkast af Hellisheiði í vestri og Hellu og Hvolsvelli í austri. Þá háttar þannig til að svæðið sem hér um ræðir liggur að gatnamótum sem, samfara uppbyggingu innan orkugeirans í uppsveitum Árnes- og Rangárvallasýslu, gætu í framtíðinni orðið ein þau mikilvægustu á landinu. Fyrir utan nálægð við Suðurlandsveg er staða innviða á svæðinu að mörgu leyti gott, en á svæðinu liggja t.a.m. stofnæðar vatnsveitu, raflagna og ljósleiðara.

Að framansögðu stendur hugur landeiganda til að þróa með sveitarfélaginu nýtt aðlaðandi íbúðasvæði, sem m.a. gæti þjónað fólki sem mun starfa við uppbyggingu og þjónustu innan orku- og ferðaþjónustugeiranum, ásamt nýjum verslunar- og þjónustukjarna. Vera má að inn í skipulagsferlið tengist uppbygging tengdrar þjónustu eins og fyrir skóla- og leikskóla eða aðra þjónustur sem æskileg kann að teljast. Tilgangur fyrirhugaðrar breytingar er að greiða fyrir framangreindri uppbyggingu.

Í skipulagslegu tilliti felst fyrirhuguð breyting í minnkun eða niðurfellingu á skógræktar- og landgræðslusvæði SL9, niðurfellingu frístundabyggðarreita F 17 og F18, niðurfellingu hluta landbúnaðarsvæðis, stækkun á verslunar- og þjónustusvæðis VP8 (eða skilgreiningu nýs reits) og skilgreiningu á nýju íbúðasvæði.

Á næstu blaðsíðu má sjá umráðasvæði landeiganda skástrikað yfir gildandi aðalskipulag. Nánari afmörkun skipulagssvæðis, skilgreining landnotkunarreita og innbyggðis uppskipting þeirra á milli mun síðan verða þróað í komandi skipulagsferli, í samráði við sveitastjórn og aðra hlutaðeigandi.



Mynd 2; umráðasvæðið / skipulagssvæðið afmarkað á gildandi aðalskipulagi.

## Breyting á aðalskipulagi

Í breytingunni felst breytt landnotkun á um 150-160ha. svæðis á jörðinni Bitru. Svæðið sem um ræðir er í dag að stórum hluta skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði, en einnig er um að ræða frístundahúsasvæði (F18), verslunar- og þjónustureit (VP18) ásamt landbúnaðarsvæði. Hluti svæðisins nýtur hverfisverndar.

Uppskipting svæðisins milli íbúðasvæðis, verndarsvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis, og útfærsla skipulagsins að öðru leiti verður unnið í samráði við sveitarfélagið.

## Forsendur og staðhættir

Í inngangskafli lýsingar er farið almennum orðum um samfélagsþróun sem kallað getur á breyttar áherslur í skipulagsgerð. Þá hefur almennur áhugi á fastri búsetu á afmörkuðum minni íbúðasvæðum í dreifbýlissveitarfélögum aukist mikið á undanförunum árum. Bættar samgöngur og aukinn möguleiki fólks til að stunda fjarvinnu hefur skapað möguleika á búsetu á dreifðari svæðum og möguleika á að njóta þeirra búsetugæða sem þar eru.

Svæðið sem um er að ræða liggur sérstaklega vel við samgönguæðum á landsvísu, þ.e. við gatnamót Suðurlandsvegur og Skeiðavegar og staða innviða á svæðinu er almennt mjög góð. Það gefur tilefni til að þróa aðlaðandi íbúðasvæði, ásamt verslunar- og þjónustukjarna á svæðinu. Á svæðinu má segja að til staðar séu tveir verslunar- og þjónustureitir og má líta svo á að hér verði um að ræða stækkun á öðrum þeirra, þó hann sé utan við skipulagsmörk.

Samkvæmt flokkun landbúnaðarlands í Flóahreppi er landið í flokki IV, „annað land“ og því ekki kjörið til akuryrkju.

Við gerð fyrirhugaðrar breytingar sem hér er kynnt verður könnuð staða skráning fornleifa og hvort tilefni sé til að gera frekari fornleifakönnun á svæðinu.

Samráð verður haft við sveitarfélagið gagnvart stöðu veitna á svæðinu og eftir atvikum gerðar viðeigandi ráðstafanir. Samkvæmt kortasjá þá liggja vatnveitulagnir sunnan- og norðan við landið.

Um svæðið liggur rafmagnsloftlína, Selfosslína 2, 66kV á vegum Rarik sem taka þarf tillit til.

Við mótun skipulags verður farið yfir verndargildi svæðisins ásamt annmörkum sem kunna að vera vegna náttúruvár.

Svæðið býr yfir nokkuð fjölbreyttur landslagi. Þar eru hraunbreiður, hólhryggur, votlendi og tjörn. Hluti svæðisins hefur verið plægður og ræktaður upp með trjárækt. Þá eru á svæðinu greinileg sprungusvæði sem gefa verður gaum að. Hluti þeirra myndaðist við jarðskjálftann á suðurlandi árið 2008. Svæðið kringum sprungurnar er markað með hverfisvernd (17) í aðalskipulagi.

Að langmestu leyti er svæðið skilgreint með Mosamóavist L10.1. Þá er svæðið hluti af „Suðurlandsundirlendi“ (VOT-S 3) sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði og nær frá Hellisheiði í vestri að Eyjafjöllum í austri og upp að Þjórsárdal og Haukadalsheiði í norðri.


Skipulagssvæðið tilheyrir grunnvatnshloti 103-209-G, Flói. Skammt norðan við rennur svo Bugalækur (vatnshlot 103-574-R), og lengra frá rennur Hvítá (vatnshlot 103-931-R). Öryggissvæði og grannsvæði vatnsverndar ná inn á norð-austur hluta landsins og þarf að taka tillit til þess við mótun skipulagstillögu.

Eins og áður segir liggur svæðið að bæði Suðurlandsvegi (1) og Skeiðavegi (30). Í samráði við Vegagerðina verða kannaðir bestu möguleikar á tengingu(m) við þjóðvegakerfið.

Skilmálar í skipulagi um uppbygging mannvirkja og innviða mun byggja á stefnu sveitarfélagsins og eftir atvikum heimildum og skilmálum í aðalskipulagi sem um slík svæði gilda.

Sveitarfélagið lítur svo á að með uppbyggingu sem hér er líst, geti skapast möguleikar á hagkvæmari nýtingu innviða, og að með fjölgun íbúða og uppbyggingar þjónustutengdrar starfsemi geti rekstrargrundvöllur þjónustu, og hagkvæmni í rekstri sveitarfélagsins, aukist.

Hér að neðan má sjá afmörkun landsvæðis sem til umráða er á loftmynd (mynd tekin af kortasjá Flóahrepps, ©Loftmyndir ehf.) ásamt aðliggjandi landareignum og ýmsu upplýsingum úr kortasjánni, en nákvæmari mörk skipulagssvæði verða ákvörðuð í samráði við sveitarfélagið:



Mynd 3; skipulags- (umráða-) svæði afmarkað á loftmynd með ýmsum landupplýsingum (af kortasjá Flóahrepps)

## Tengsl við aðrar skipulagsáætlanir

### Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“. Í stefnunni eru þrjú markmið lögð til grundvallar sem byggja á sjálfbærri þróun um: A) vernd umhverfis og náttúru, B) velsæld samfélags og C) samkeppnishæft atvinnulíf.

Markmið um **vernd umhverfis og náttúru** skal stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að **almennri velsæld** samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag auka og efla **samkeppnishæfni atvinnulífs** og samfélags með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda. (Landsskipulagsstefna 2024-2028, bls. 15-17)

### Aðalskipulag

Það er markmið aðalskipulags Flóahrepps um landbúnaðarsvæði að gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar, en að flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu lands. Þótt almennt sé ekki gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra íbúðasvæða sem þessa í gildandi aðalskipulagi þá eru fordæmi fyrir slíku fyrirkomulagi, eins og t.d. í landi Laugardæla. Í ljósi þess að um er að ræða land sem er rýrt til akuryrkju, er miðsvæðis og liggur vel við samgönguæðum

er það vilji sveitastjórnar að a.m.k. láta reyna á hvort fyrirhuguð áform geti verið sveitarfélaginu til farsældar í framtíðinni.

Markmið með verslunar- og þjónustusvæðum er að „*stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu. Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð*“.

### Vatnaáætlun

Í gildi er vatnaáætlun Íslands sem staðfest var árið 2022. Áætlunin byggir á lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að „*vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar*“. Jafnframt er lögunum ætlað að „*stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar*“. Skipulagssvæðið tilheyrir, eins og áður sagði, grunnvatnshloti 103-209-G, Flói. Samkvæmt upplýsingum Vatnavefsjár Stjórnar vatnamála er jarðmyndun vatnshlotsins „*sprunguveitir*“ með miklu grunnvatnsstreymi. Magnstaða og efnafræðileg markmið eru sögð góð. Vatnshlotið hefur ekkert skráð álag.

### Fornminjar

Samráð verður haft við Minjavernd um stöðu fornleifaskráningar á svæðinu og eftir atvikum farið í nauðsynlegar aðgerðir ef þörf verður á.

### Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Í deiliskipulagi verður unnið út frá þeim heimildum og kvöðum sem markaðar verða í breyttu aðalskipulagi varðandi m.a. fjölda og stærða lóða, byggingamagn, aðkomu o.fl.

## Mat á umhverfisáhrifum

Breytingar á aðalskipulagi falla undir *lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021*. Stærð svæðisins og umfang skipulagsbreytingarinnar leiðir til þess að breytingin fellur undir flokk B í 1. viðauka laganna, nánar tiltekið tölulið 1.01, „*framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til 20 ha svæðis eða stærra*“. Því verður óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu, þ.e. hvort skipulagsbreytingin skuli háð umhverfismati.

### Umhverfismatskýrsla

Umhverfismat áætlunar skal sett fram í umhverfismatsskýrslu samhliða framlagningu á breytingu aðalskipulags. Þar skal koma fram lýsing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum, sbr. 14. gr.

### Efni umhverfismatsskýrslu

Í 4. gr laganna er fjallað um efni umhverfismats. Þar segir:

*Í umhverfismati skal greina, lýsa og meta, með tilliti til viðkomandi framkvæmdar eða áætlunar, bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirtalda umhverfisþætti:*

- a. *íbúa og heilbrigði manna,*
- b. *líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar,*
- c. *land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,*
- d. *efnisleg verðmæti og menningarminjar,*
- e. *næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum,*
- f. *samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a-e lið.*

Þá skal jafnframt taka mið af gr. 4.4.1. í Skipulagsreglugerð sem fjallar um umhverfismat, og 6. gr. reglugerðar 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

## Valkostir

Stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) verður borin saman við tillögu að breyttu aðalskipulagi.

## Umhverfispættir og viðmið

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni og nýjum deiliskipulögum verða skoðuð áhrif á hvern hverfispátt, a. – f. hér að ofan, og þau metin út frá skilgreindum viðmiðunum og opinberum stefnuskjöllum. Viðmið geta verið t.d. stefna í Aðalskipulagi, Landskipulagsstefna, alþjóðlegar skuldbindingar og verndaráætlanir hverskonar, ásamt sérstök viðmið sem eðlileg geta talist út frá séreinkennum og staðháttum viðkomandi svæðis.

Tafla 1. Umhverfispættir og helstu viðmið.

| UMHVERFISPÁTTUR                                                                         | VIÐMIÐ                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
|-----------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| a. Íbúar og heilbrigði manna                                                            | Þingsályktun Alþingis um lýðheilsustefnu til ársins 2030<br>Heilbrigðisstefna, stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030<br>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, 3. Heilsa og vellíðan og 6. Hreint vatn og hreinlætisaðstaða.<br>Aðgangur að / nálægð við náttúrulegt umhverfi og útivistarsvæði<br>Nálægð við loft- eða hávaðamengun eða mengandi umhverfi<br>Aðstæður til öflunar hreins neysluvatna og meðhöndlunar fráveitu.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| b. Líffræðileg fjölbreytni með sérstaka áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar | Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, 2.8 Verndarsvæði og minjar<br>- Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða.<br>Stefna stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030.<br>Kortasjá Náttúrufræðistofnunar (ásamt tengdum gögnum) um vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði, þ.m.t. VOT-S-3, <i>Suðurlandsundirlendið</i> .                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| c. Land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðvegur, vatn, loft og loftslag             | Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, 2.8 Verndarsvæði og minjar:<br>- Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða.<br>Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, 2.8.2, Hverfisvernd:<br>- HV17 Jarðsprungur austan við Bitru. Opin sprunga með sýnilegu grunnvatnsrennsli. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásyndar svæðisins.<br>Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, 2.8.4 Vatnsvernd:<br>- VB4 Bitrulindir, mögulegt framtíðarvatnsból.<br>- Grannsvæði, Merkurhraun, aðrennslissvæði fyrir Bitrulindir í Merkurhrauni<br>Vatnaáætlun 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011:<br>- Öll vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum.<br>Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.<br>Yfirlit (kortasjá) Umhverfisstofnunar um friðlýst svæði ásamt tengdum gögnum.<br>Náttúruminjaskrá (kortasjá Náttúrufræðistofnunar).<br>Vatnavefsja Veðurstofu Íslands (á vef Umhverfisstofnunar).<br>Kortasjá Náttúrufræðistofnunar (ásamt tengdum gögnum) um sérstaka vernd jarðminja og vistkerfis. |
| d. Efnisleg verðmæti og menningarminjar                                                 | Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, 2.8 Verndarsvæði og minjar:<br>- Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.<br>- Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja, þ.m.t. samgöngumannvirkja.<br>Kortasjá (ásamt tengdum gögnum) Minjastofnunar um menningarminjar:<br>- ÁR078:019 Bitra, Lambhúsholt. Þyrping tófta, líklega forn fjárhús.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| e. Hætta á stórslysum og náttúruhamförum                                                | Kortasjá Náttúrufræðistofnunar (ásamt tengdum gögnum) um skriðusvæði og umbrot.<br>Skýrsla VÍ 2019-013 (Veðurstofu Íslands), Hættumat vegna vatnsflóða í Ölfusá                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| f. Samspil ofangreindra þátta                                                           | Samþætting ofangreindra viðmiða                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |

Við mat á heildar áhrifum breytingar aðalskipulags er stuðst við markmið stjórnvalda í skipulagsmálum eins og þau eru útlistuð í landskipulagsstefnu um:

- A. Vernd umhverfis og náttúru
- B. Velsæld samfélags
- C. Samkeppnishæft atvinnulíf

Þá skal styðjast við leiðarljós við gerð aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029: „*Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða*“ .

## Kynning og skipulagsferli

Farið verður með breytingu á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsbreyting skv. 43. gr. skipulagslaga.

### Lýsing

Lýsingu þessari er ætla að upplýsa umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almenning um innihald, umfang og tilgang breytingar á aðalskipulagi, og gefa aðilum kost á að koma með athugasemdir, ábendingar og sjónarmið sem koma að gagni, áður en skipulagstillögur verða fullunnar og þær lagðar fram til kynningar og auglýsingar.


### Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands.

Listinn yfir umsagnaraðila er ekki endilega tæmandi.

### Skipulagsferli

Áætlun um mögulegt skipulagsferli, með fyrirvara um breyttar forsendur:



Til nánari glöggvunar um skipulagsferli er hér a neðan birt yfirlit yfir skipulagsferlis skv. leiðbeiningum Skipulagsstofnunar:

# Nýtt aðalskipulag

ferli við gerð aðalskipulags

## VII. kafli skipulagslaga 4. kafli skipulagsreglugerðar

Skipulagslög  
Skipulagsreglugerð

|                         |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                  |
|-------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------|
| Lýsing                  | Sveitarstjórn tekur ákvörðun um að vinna aðalskipulag<br><b>Tekin er saman lýsing á skipulagsverkefninu og umhverfismati þess</b><br>Sveitarstjórn samþykkir skipulagslýsingu                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 1. mgr. 30. gr.<br>gr. 4.2.2. - 4.2.3.           |
|                         |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | 1. mgr. 30. gr.<br>gr. 4.2.4.                    |
| Tillaga á vinnslustigi  | Sveitarstjórn leggur lýsingu fram til kynningar<br><b>Lýsing verkefnis er kynnt</b><br>Óskað er eftir umsögnum og athugasemdum við lýsingu<br>Leggja má fram samantekt á umsögnum og viðbrögð við þeim eftir því sem við á                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | gr. 4.3. - 4.5.                                  |
|                         |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | 2. mgr. 30. gr.<br>gr. 4.6.1.                    |
| Tillaga til athugunar   | Unnið er að frekari mótun tillögu, stefnu og umhverfismati<br>Sveitarstjórn fjallar um tillögu m.t.t. til framkominna ábendinga og samþykkir að auglýsa<br><br>Sveitarstjórn leggur fram þá tillögu sem samþykkt hefur verið að auglýsa<br><b>Skipulagsstofnun tekur tillögu til athugunar og afgreiðir</b><br>Gerir stofnunin ekki athugasemd, auglýsir sveitarstjórn tillöguna. Telji stofnunin tillöguna ekki fullnægja kröfum um aðalskipulag þarfnast hún umfjöllunar sveitarstjórnar                                                                                                                                                     | gr. 4.3. - 4.5.<br>3. mgr. 30. gr.<br>gr. 4.6.1. |
|                         |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | 3. mgr. 30. gr.<br>gr. 4.6.2.                    |
| Tillaga til auglýsingar | Sveitarstjórn fjallar um tillögu hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir, lagfærir m.t.t. þeirra eða ákveður að auglýsa hana óbreytta ásamt athugasemdum stofnunarinnar<br><br>Sveitarstjórn leggur tillögu fram til auglýsingar<br><b>Auglýsing aðalskipulagstillögu</b><br>Óskað er eftir umsögnum og athugasemdum við auglýsta tillögu<br>Leggja skal fram samantekt á umsögnum og viðbrögð við þeim                                                                                                                                                                                                                                        | 31. gr.<br>gr. 4.6.3.                            |
|                         |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | 1. mgr. 32. gr.<br>gr. 4.7.1.                    |
| Staðfest skipulag       | Tillaga til umfjöllunar skipulagsnefndar og síðan sveitarstjórnar<br>Afstaða tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga á tillögu<br>Sveitarstjórn fjallar um tillöguna og samþykkir<br>Við breytingu í grundvallaratriðum, þarf að auglýsa tillöguna aftur<br><br>Sveitarstjórn leggur samþykkt aðalskipulag fram til staðfestingar<br><b>Skipulagsstofnun yfirfer skipulag og staðfestir</b><br>Stofnunin staðfestir skipulagið með birtingu í B-deild stjórnartíðinda<br>Telji stofnunin þörf á lagfæringum á samþykktu skipulagi kallar hún eftir því og yfirfer að nýju*<br><br><b>Skipulagsstofnun birtir staðfest skipulagsgögn</b> | 2. mgr. 32. gr.<br>gr. 4.7.1.                    |
|                         |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | 3. mgr. 32. gr.<br>gr. 4.7.2.                    |
|                         | *Telji Skipulagsstofnun að synja beri eða fresta staðfestingu skipulagsins sendir stofnunin tillögu um það til ráðherra                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | 4. mgr. 32. gr.<br>gr. 4.7.3.                    |

→ Afgreiðsla sveitarstjórnar

— Vinnsla og undirbúningur gagna, umfjöllun og ákvarðanir á hendi sveitarfélags

— Í Skipulagsgátt, kynning/samráð á hendi sveitarfélags. Almennings- og hagskiðilum gefst kostur á að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum þegar við á

— Í Skipulagsgátt, afgreiðsla á hendi Skipulagsstofnunar

Gerð umhverfismats aðalskipulagsáætlunar fylgir sama ferli og er auglýst samhliða

Um breytingar á aðalskipulagi skal fara eins og um nýtt aðalskipulag sé að ræða. Það sama á við um gerð og breytingar á rammahluta aðalskipulags.